

**Stjórnarfundur TSÍ 18.04.2007**  
**Mættir: Skjöldur, Raj og Gunnar**

- Raj er að innleiða nýtt bókhaldskerfi í samvinnu við ÍSÍ. Mjög handhægt sem mun henta okkur vel í framtíðinni.
- Þing TSÍ verður 16. eða 17. maí. næstkomandi. Þarf að vera á hreinu.
- Allt er klárt varðandi Davis Cup. Einar Sigurgeirsson fer sem fararstjóri. Ekki vitað annað en að allir keppendur séu klárir fyrir 7.-13. maí. Arnar, Jón Axel, Davíð og Andri. Síðan fara Arnar og Andri á Smáþjóðaleikana í framhaldinu.
- Ólympíuleikar æskunnar verða 23. júlí. Birkir Gunnarsson fer og Raj verður fararstjóri. Ekki vitað hvernig fer með ferð Birkis til Bostad í Svíþjóð en hann fer til Barcelona 7. júní.
- Raj er að þróa heimasíðu TSÍ í samvinnu við ÍSÍ.
- Íslandsmótið utanhúss verður 8.-12. ágúst hjá TFK, Víkingi og Þrótti.
- Raj er að skoða ferð til Danmerkur fyrir 14-16 ára um kringum 22. júní. Þetta eru mót á Evrópumótaröðinni.
- Evrópumót fyrir 12 ára er í júlí og mun Luigi fara sem fararstjóri. Ekki ákveðið með þátttakendur.
- Ekki er enn komið dagatöl fyrir mótaröðina í sumar. Raj ætlar að senda klúbbunum dagatal til að skoða með væntanleg mót í huga.
- Skjöldur velti upp framtíð sinni sem formaður TSÍ eftir ársfundinn og bað fundarmenn um að hugleiða málið. Fundarmenn sögðust ekki sjá neina ástæðu til þess að hann dragi sig í hlé og bentu á að "rólegt" starf TSÍ undanfarið væri að miklu leyti vegna utanaðkomandi aðstæðna. Í raun hafi ekki verið hægt að spila tennis á Íslandi síðasta hálfu árið og því erfitt að vera frjór og skipuleggja framtíðina. En nú fari spennandi tímar í hönd með nýju tennishöllinni og hugsanlega annarri á næsta ári. Því þurfum við á öllum kröftum sem hugsast getur.

Gunnar Finnbjörnsson  
ritari TSÍ